



**STEFNA 2017–2021**

---

## INNGANGUR


---



Við Íslendingar og hinn sívaxandi fjöldi gesta okkar búum við stöðuga nálægð við náttúruöflin. Varla líður sá dagur að jörð skjálfi ekki, veður skapi ánægju eða usla og reglulega megi búast við atburðum sem raska samfélaginu verulega, ýmist vegna aftakaveðurs, ofanflóða, vatnsflóða, jarðskjálfta eða eldgosa. Því þarf stöðugt að standa vaktina og er það meginhlutverk Veðurstofu Íslands. Þeir mæli- og tækniinnviðir sem reka þarf í þessum tilgangi og sú fagþekking sem þarf að vera til staðar nýtast einnig við mat á endurnýjanlegum auðlindum landsins, s.s. vatnsorku, jarðhita og vind- og sjávarorku. Einnig eru þessir innviðir og þekking forsenda þess að hægt sé að gera áhættumat á þeirri náttúruvá sem við búum við. Til þess að mæta kröfum þeirra sem við veitum þjónustu er starfsemi Veðurstofunnar öll undir vottuðu gæðakerfi og beitt er faglegri verkefnastjórnun við úrlausn verkefna. Vandséð er hvernig svo flókin starfsemi kæmist af án slíkra tækja.

Veðurstofa Íslands heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra og er stærsta stofnun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Henni er markað hlutverk í lögum og lýtur stefnumörkun stjórnvalda og ráðuneytisins sem nú byggir á langtímahugsun nýrra laga um opinber fjármál. Í ljósi þessa og eins aukinna krafna samfélagsins um þjónustu Veðurstofunnar var farið í kerfisbundna endurskoðun á hlutverki, gildum, framtíðarsýn og stefnum stofnunarinnar. Verkið hófst á liðnu hausti með virkri þátttöku áhugasamra starfsmanna og aðstoð frá ráðgjafarfyritækinu Expectus. Er þessi bæklingur afrakstur þeirrar vinnu. Einnig liggja fyrir endurskoðaðar meginstefnur sem eru lifandi skjöl í okkar starfi.


# SKIPURIT



## HLUTVERK

---

Veðurstofan stuðlar að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu hennar og samfélagslega hagkvæmni. Því sinnum við með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga.



# GILDI

---

## Gildin okkar eru þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni.

- Við lítum á **þekkingu** sem býr í fólkinu okkar og felst í verklagi og upplýsingum sem verðmæta auðlind. Við leggjum kapp á að viðhalda henni, afla nýrrar og miðla til að tryggja framúrskarandi hæfni og þjónustu á okkar sviði.
- **Áreiðanleiki** þýðir að við leggjum metnað okkar í vönduð vinnubrögð og fagmennsku í öllum þáttum starfseminnar. Við stöndum við skuldbindingar okkar gagnvart hvert öðru og þeim sem reiða sig á þjónustu okkar. Við leggjum mikið á okkur til að ferlin frá mælingum til spágerðar og miðlunar reynist sem bestur grunnur ákvarðana.
- **Samvinna** einkennir allt okkar starf innan stofnunarinnar og gagnvart ytri aðilum. Við erum örlát í því samstarfi. Við erum meðvituð um vægi þess að skiptast á skoðunum með gagnkvæmri virðingu og trausti, gefum okkur tíma til að hlusta og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Við hjálpumst að til að tryggja hámarks skilvirkni og bestu lausnir á viðfangsefnum.
- **Framsækni** teljum við vera grunn að því að viðhalda getu okkar til að þjónusta samfélagið. Við gefum okkur tíma til að fylgjast með og taka þátt í þróun á fagsviðum okkar, hlusta á notendur þjónustunnar og aðlaga okkur að breyttum þörfum samfélagsins. Við höfum kjark til að skapa og takast á við tækifæri sem felast í breytingum í umhverfinu.

# FRAMTÍÐARSÝN OG ÁHERSLUR

---

## Ánægja notenda – uppfyljum þarfir

Í árslok 2021 hefur starfsemi Veðurstofunnar þróast í takt við þarfir og væntingar almennings, hagsmunaaðila og atvinnulífs. Vel yfir 80% þeirra sem reiða sig á þjónustu okkar gefa okkur enn og aftur framúrskarandi umsögn í mælingum á þjónustu og trausti. Við höfum styrkt stöðu okkar sem eftirsóttur samstarfsaðili.

## Jákvæður höfuðstóll – tryggjar sértekjur

Við höfum óslitna fimm ára sögu af árangursríkum rekstri með jákvæðum höfuðstól og höfum enn frekar þróað getu okkar til að afla tekna samhliða þróun þjónustunnar. Með því að viðhalda öflugri sérstöðu hefur okkur tekist að halda sterkum tekjustofnum sem koma frá innlendum og erlendum aðilum.

## Mæling á áreiðanleika – tíma varið í þróun

Gæði og áreiðanleiki einkenna allt okkar innra starf. Við sættum okkur ekki við ófyrirséða stöðvun lykilkjerfa. Spár okkar mælast yfir 90% í nákvæmni. Við náum að afhenda 95% samfelluverkefna og 90% óreglubundinna verkefna innan tímamarka. Við verjum að jafnaði 22% af vinnutíma okkar í rannsóknir, nýsköpun og þróun og birtum árlega ekki færri en 10 greinar í viðurkenndum tímaritum þar sem starfsmenn Veðurstofunnar eru leiðandi aðilar.

## Aukin ánægja og stolt starfsmanna – þekkingarstjórnun

Ráðningar taka mið af gildum Veðurstofunnar og við lítum á viðhald og öflun þekkingar sem kjarnaþátt í starfsemi. Með markvissri vinnu hefur okkur tekist að hækka gæði stjórnunar, ánægju og stolt upp í 4,2 af 5 mögulegum. Starfsþróun hefur náð að verða reglubundinn þáttur í mannauðsstjórnun og verjum við að jafnaði 4% af vinnutíma okkar til starfsþróunar. Fagfólk á okkar sviðum sækist eftir að vinna hjá Veðurstofunni.



## STEFNUR

### Stefna um náttúruvá og þjónustu

Veðurstofan annast sólarhringsvöktun á náttúruvá og gefur út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu innan þjónustusvæðis Veðurstofunnar í samræmi við lög, reglur og samninga þar að lútandi. Starfsmenn leggja sig fram um að miðla áreiðanlegum upplýsingum til samfélagsins þannig að þær nýtist sem best við ákvarðanir. Veðurstofan verður því áfram meðal þeirra stofnana samfélagsins sem mest traust er borið til.

Veðurstofan þjónustar viðskiptavini sína og notendur í samræmi við þarfir þeirra. Hún gerir reglulegar þjónustukannanir meðal notenda, á samtal við viðskiptavini og lagar þjónustuna að þörfum þeirra.

### Rannsókn- og þróunarstefna

Rannsóknir og þróun á Veðurstofunni miða að því að auka færni hennar til að sinna hlutverki sínu og þróa áfram þekkingu og aðferðir á þeim verkefnasviðum sem



## STEFNUR

---

undir stofnunina heyra. Jafnframt eru upplýsingar og þekking nýtt til að þróa afurðir og þjónustu sem uppfylla þarfir og skapa verðmæti fyrir viðskiptavinum hennar.

Rannsóknir Veðurstofunnar hafa það að meginmarkmiði að auka þekkingu á eðlisþáttum lofts, láðs og lagar, sér í lagi á vatna- og jökklafari, veðurfari, hafi og hafís og jarðskjálfta- og eldgosavirkni. Rannsókn- og þróunarverkefni stofnunarinnar hafa að auki það meginmarkmið að bæta verklag, auka og bæta þjónustu, skapa ný tækifæri og stuðla að hagræðingu. Allt er þetta til þess fallið að auka hæfni stofnunarinnar til að mæta þörfum og láta í té upplýsingar í þágu atvinnulífs, öryggismála, sjálfbærrar nýtingar auðlinda og annarra þarfa landsmanna.

Innlent og alþjóðlegt samstarf er Veðurstofunni mikilvægt í rannsókn- og þróunarstarfi sínu og þekkingaröflun. Veðurstofan er virkur þátttakandi í norrænum og alþjóðlegum samstarfsnetum.

### Stefna um mælikerfi

Veðurstofan rekur mælikerfi vegna náttúruvárvöktunar, eftirlits og rannsókna í samræmi við lög, reglugerðir, kröfur og samninga. Veðurstofan leitar eftir samþættingu um rekstur mælikerfa með öðrum aðilum til að ná fram sem mestri hagkvæmni.

Veðurstofan rekur veðurmælikerfi, vatnamælikerfi, jarðeðlisfræðileg mælikerfi og mælikerfi fjarkönnunar og mynda þau landsnet mælikerfa. Veðurstofan vinnur með öðrum aðilum sem reka sambærileg mælikerfi til að ná fram sem mestri hagræðingu í umfangi og rekstri kerfanna í heild sinni.

Veðurstofan leggur áherslu á að mælikerfin uppfylli kröfur og þarfir samfélagsins, viðskiptavina og hagsmunaaðila um gæði gagna.



## Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Veðurstofunnar miðar að því að stofnunin sé og muni verða í fararbroddi á sínum fagsviðum. Mikilvægt er að starfsmenn þekki hlutverk, gildi og framtíðarsýn Veðurstofunnar og skynji að öll störf innan hennar eru mikilvæg til að ná fram markmiðum hennar. Jafnræði er einn af mikilvægum þáttum mannauðsstefnunnar og kemur vel fram í jafnréttisáætlun Veðurstofunnar. Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnrétti kynjanna, þ.e. jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Í því skyni er þekkingarstjórnun og starfsþróun starfsmanna veigamikill hluti í mannauðsstefnunni.

## Gæðastefna

Veðurstofan hefur að leiðarljósi að uppfylla kröfur, óskir og væntingar allra viðskiptavina sinna í samræmi við hlutverk stofnunarinnar.

Gæðastefna Veðurstofunnar nær til allra þátta í starfsemi hennar. Hún miðar annars vegar að því að uppfylla samning við umhverfissráðuneytið um árangur stofnunarinnar og hins vegar að unnið sé í samræmi við lög, alþjóðlega staðla og reglur, þ.m.t. gæðastjórnunarkerfi eins og ISO 9001.

## Gagnastefna

Veðurstofan safnar, skráir, varðveitir, afhendir og miðlar gögnum á starfssviði sínu, jafnt eigin gögnum sem annarra, í samræmi við lög, reglur, samþykktir og samninga. Veðurstofan gætir hagsmuna viðskiptavina og rannsókna við miðlun og afhendingu gagna.

## STEFNUR

---

Gögn úr skilgreindu neti Veðurstofunnar teljast opinberar upplýsingar og eru aðgengileg almenningi til eigin nota, dreifingar eða frekari vinnslu, gjaldfrjálst.

Veðurstofan vill reka notendavæna, rafræna sjálfsafgreiðslu gagna. Veðurstofan vill jafnframt reka framúrskarandi vefi og vefsjár til miðlunar rauntíma-gagna, sögulegra gagna, afurða og upplýsinga.

### Innkaupastefna

Innkaupastefna Veðurstofunnar byggir á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016, reglugerðum og innkaupastefnu ríkisins sem samþykkt var af fjármálaráðherra þann 15. nóvember 2002.

Innkaupastefnan miðar að því að framkvæmd innkaupa sé samræmd og að tryggt sé að öll innkaup séu opin, ábyrg, hagkvæm og tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Innkaupastefnan tekur til allra innkaupa á vegum stofnunarinnar.

### Umhverfisstefna

Markmið Veðurstofunnar er að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi og samfélag með verkum sínum og þjónustu og lágmarka af fremsta megni neikvæð umhverfisáhrif af völdum starfsemi sinnar. Stofnunin setur sjálfbæra þróun í öndvegi og leitast stöðugt við að vinna að umbótum í samræmi við umhverfisstefnuna.

### Upplýsingaöryggisstefna

Veðurstofan ásetur sér að hafa öryggi upplýsinga í fyrirrúmi. Öryggiskröfur skulu greindar á réttmætan hátt í samræmi við kröfur viðskiptavina og þarfir stofnunarinnar og að þær uppfylli lög og reglugerðir. Öryggiskröfur skulu uppfylltar með þeim hætti að upplýsingar séu aðgengilegar og rétt fram settar á sama tíma og kröfum um leynd sé fullnægt. Veðurstofan tryggir öryggi upplýsinga í samræmi við kröfur ISO 27001.



## **Veðurstofa Íslands**

Bústaðavegi 7–9  
108 Reykjavík  
[www.vedur.is](http://www.vedur.is)

